

Nd.

485. Nefndarálit

[206. mál]

um frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Frá stjórnarskrárnefnd.

Til þess að greiða fyrir afgreiðslu þessa máls var það samkomulag gert, að stjórnarskrárnefndir beggja deilda störfuðu saman að afgreiðslu málsins. Hagstofustjóri mætti á fund nefndarinnar varðandi ákvæði 2. gr. frumvarpsins.

Nefndin ræddi efni frumvarpsins ítarlega og varð sammála um að leggja til að frv. verði samþykkt með þeirri breytingu á 2. gr., sem prentuð er á sérstöku þingskjali.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að vera bornar.

Alþingi, 4. mars 1983.

Matthías Bjarnason,
form., frsm.

Jóhann Einvarðsson,
fundaskr.

Magnús H. Magnússon.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Páll Pétursson.

Ragnar Arnalds.

Matthías Á. Mathiesen.